



Borgarráð

Reykjavík, 24. júní 2025
MSS25060088

Svanni - Lánatryggingasjóður kvenna - áframhaldandi starfsemi

Lagt er til að borgarráð samþykki að viðhalda starfsemi Svanna – Lánatryggingasjóðs kvenna til næstu fjögurra ára. Ekki er gert ráð fyrir að eigendur sjóðsins leggi til aukið fjármagn á tímabilinu.

Greinargerð

Svanni - Lánatryggingasjóður kvenna var stofnaður árið 1997 af félagsmála- og iðnaðarráðuneytinu og Reykjavíkurborg. Hlutverk sjóðsins er að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánum samkvæmt samþykktum og lánareglum sjóðsins.

Hefur nú verið leitast eftir því við Reykjavíkurborg og atvinnuvegaráðuneytið, af hendi skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála dómsmálaráðuneytisins, að viðhalda starfsemi sjóðsins til næstu fjögurra ára. Af hálfu ráðuneytisins er ekki gert ráð fyrir því að eigendur leggi til aukið fjármagn í sjóðinn á tímabilinu og því er lagt til að slíkt eigi jafnframt við um Reykjavíkurborg.

Heiða Björg Hilmissdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs um erindi Svanna Lántryggingasjóðs kvenna um aukið fjárframlag, dags. 12. maí 2025.

Skýrsla stjórnar Svanna – Lánatryggingasjóðs kvenna, dags. 4. apríl 2025.

Samþykkt um Lánatryggingasjóð kvenna, dags. 28. maí 2020.



Reykjavík



Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóri FAS

Reykjavík, 12. maí 2025
FAS25050002

UMSÖGN

Umsögn um erindi Svanna, lánatryggingasjóði kvenna, um aukið fjárframlag

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs við erindi stjórnar Svanna, lánatryggingasjóðs kvenna, sem barst þann 4. apríl sl., um aukið fjármagn frá eigendum sjóðsins sem eru Reykjavíkurborg og ríkið, sem nemur 150-250 m.kr. í áföngum til næstu þriggja ára. Í erindi stjórnar eru talin upp í nokkrum liðum rök sjóðsins fyrir stækkun hans og þörf fyrir styrkingu.

Svanni, lánatryggingasjóður kvenna, var stofnaður árið 1997 af félagsmála- og iðnaðarráðuneytinu (nú forsætisráðuneytið og atvinnuvegaráðuneytið) og Reykjavíkurborg. Hlutverk sjóðsins er að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánum samkvæmt samþykktum og lánareglum sjóðsins. Ekki er um bein fjárframlög að ræða til umsækjenda heldur ábyrgð á lánum sem Landsbankinn veitir umsækjendum. Með samþykkt sjóðsins frá 28. maí 2020, var samþykkt að sjóðurinn myndi starfa áfram til 1. júní 2024 en að þeim tíma liðnum yrði tekin ákvörðun um áframhaldandi starfsemi sjóðsins. Ekki liggur fyrir afstaða um áframhaldandi starfsemi hans.

Staða sjóðsins þann 31. desember 2024 var 68,8 m.kr. sem standa skal til ábyrgðar útistandandi lánum, en þau eru að fjárhæð 32,8 m.kr. með vöxtum og verðbótum. Einnig greiðir sjóðurinn umsýslugjald til Vinnumálastofnunar samkvæmt samningi, auk kostnaðar vegna markaðssetningar og annars útlagðs kostnaðar, m.a. laun starfsmanns og stjórnar.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur tekið erindi Svanna til skoðunar. Samkvæmt samþykktum sjóðsins voru upprunalega lagðar til 10 m.kr. sem stofnfé og lagði Reykjavíkurborg til 30% þess. Sé tekið mið af sama hlutfalli er ráð fyrir að stjórn Svanna óski í erindi sínu eftir 45–75 m.kr. viðbótarframlagi frá Reykjavíkurborg. Dreift á þrjú ár nemur árleg fjárhæð 15-25 m.kr.

Fyrirliggjandi beiðni stjórnar Svanna felur í sér markmið um að þre- eða fjórfalda stærð sjóðsins á þremur árum. Hann stækki úr tæplega 70 m.kr. í 220-320 m.kr. sjóð. Að mati stjórnar er sjóðurinn of lítill í dag til að geta haft stefnumarkandi áhrif og telja smæð hans hamla lánveitingum til öflugra fyrirtækja. Í skýrslu stjórnar segir um stækkun sjóðsins: „Það myndi gefa sjóðnum tækifæri á auknum sýnileika, samstarfi við enn fleiri fyrirtæki um allt land, auka enn frekar atvinnusköpun og vinna að stefnu ríkisstjórnarinnar um að



auka atvinnusköpun og nýsköpun hjá konum um allt land.“ Jafnframt er minnt á að sjaldnast komi til eyðslu þessarar upphæðar en hún þurfi að vera til staðar sem grundvallartrygging til að góðum umsóknum séu veitt lán.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025 - 2029 hefur ekki verið gert ráð fyrir sérstöku viðbótarframlagi til Svanna, lánatryggingasjóðs kvenna. Ef lítið er til næsta árs, þ.e. 2026, hefur fjárheimildum ekki verið úthlutað og má ætla að brautargengi þessa verkefnis ráðist alfarið af forgangsröðun fjárheimilda til þessa og/eða annarra skyldra málefna innan ramma. Borgarráð hefur við úthlutun fjárheimilda lagt áherslu á að við forgangsröðun verkefna innan ramma skulu taka mið af hlutverki borgarinnar, lögbundnum skyldum og fyrirbyggjandi skuldbindingum. Lögð er áhersla á hagkvæmni við útfærslu á þjónustu og skipulagi um rekstur og framkvæmd í samræmi við markmið og megináherslur í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar. Þetta á jafnt við um lögbundna og lögheimila þjónustu.

Svigrúm Reykjavíkurborgar til aukinna útgjalda vegna ytri styrkja er lítið. Reykjavíkurborg veitir ýmsa styrki til félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga fyrir starfsemi, verkefni og viðburði sem samræmast stefnumörkun borgarinnar. Þá hefur borgin veitt styrki til nýsköpunarverkefna, svo sem viðskiptahraðalsins Hringiðu og frumkvöðlakeppninnar Gulleggsins. En markmið þessara styrkja er að efla frumkvöðlastarfsemi og hvetja til nýrra lausna á áskorunum sem borgin stendur frammi fyrir.

Svanni, lánatryggingasjóður kvenna, er sérstakur að því leyti að hann er ábyrgðarsjóður lána sem Landsbankinn veitir fyrirtækjum í meirihluta eigu kvenna. Skilyrði fyrir veitingu lánatryggingar er að konur séu í meirihluta í stjórn og eigendahópi fyrirtækis. Lánin eru veitt til verkefna sem fela í sér atvinnusköpun og nýsköpun, svo sem stofnkostnað, markaðskostnað, vöruþróun og nýjar leiðir í framleiðslu eða framsetningu vöru/þjónustu. Stjórn Svanna metur umsóknir í samvinnu við Landsbankann, sem veitir lánin og ábyrgist helming þeirra.

Óhætt er að fullyrða að síðasta áratuginn hafi allt styrkjaumhverfi fyrir fjármögnun sprotafyrirtækja í eigu og undir stjórn kvenna breyst verulega. Mun meiri meðvitund er um kynjajafnrétti og fjárfestar og hröðunarþrógrömm hafa meðvitað leitað í ríkari mæli við að styðja konur og tryggja jafnari aðgang að tækifærum. Það er að mati fjármála- og áhættustýringarsviðs mikilvægt að Reykjavíkurborg byggir ákvarðanir sínar á styrkjum til ytri aðila á skýrri stefnu og reglum í þeim efnum. Sjóðurinn er ekki svæðisbundinn við Reykjavík og veitir styrki til fyrirtækja um allt land.

Fjármála- og áhættustýringarsvið getur í ljósi þessa sem að ofan er greint ekki mælt með einu verkefni umfram annað sem ekki fellur undir lögbundna þjónusta en bent er á að öll viðbótarútgjöld sem ákvörðun er tekin um, skal fjármagna með auknum tekjum, tilfærslum á milli liða eða forgangsröðun útgjalda.

Virðingarfyllt,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík

SVANNI- LÁNATRYGGINGAJSÓÐUR KVENNA

SKÝRSLA STJÓRNAR

2025



Efnisyfirlit	
Samantekt	1
Um Svanna-lánatryggingasjóð kvenna.....	2
Stjórn Svanna-lánatryggingasjóðs.....	2
Markmið og hlutverk.....	2
Reglur sjóðsins	2
Lánatrygging	3
Samstarf við Landsbankann	3
Umsóknarferlið.....	3
Fjöldi umsókna.....	4
Úthlutanir.....	4
Kynningarmál.....	7
Endurskoðun verkefnis.....	8
Staða sjóðsins og lántaka	8
Rýnihópavinna.....	8
Starfsfólk stuðningskerfis	7
Greining á markaði.....	11
Sértækur stuðningur fyrir frumkvöðlakonur.....	7
Tillögur um áframhaldandi starfsemi Svanna-lánatryggingasjóðs kvenna.....	13
Fylgiskjöl.....	13

Samantekt

Svanni-lánatryggingasjóður kvenna hefur það markmið að veita lán til fyrirtækja í eigu kvenna og hefur sjóðurinn starfað frá árinu 2011 og lauk starfstímabili sjóðsins um síðustu áramót. **Alls hafa borist 182 umsóknir frá byrjun starfsemi sjóðsins og hafa verið afgreidd 34 lán.**

Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann sem veitir lánin og og ábyrgist enn fremur helming lána. Af veittum lánnum hafa 32% lána verið greidd upp og 9,9% lána afskrifuð.

Stjórn Svanna-lánatryggingasjóðs hefur greint möguleika áframhaldandi starfsemi sjóðsins með eftirfarandi hætti:

- Staða sjóðsins, lána og afskrifta var greind og könnuð.
- Gerð var óformleg könnun hjá stuðningskerfinu um sjóðinn, þörf á fjármagni og tillögur til úrbóta. .
- Markaður var greindur með það að markmiði að skoða hvaða lána- og styrkjamöguleikar eru fyrir hendi fyrir frumkvöðlakonur.

Tillögur um áframhald

Stjórn Svanna telur sjóðinn öflugan bakhjarl fyrir starfandi fyrirtæki í eigu kvenna þar sem fjármagnið sem veitt hefur verið til lána hefur stutt við bakið á þeim fyrirtækjum sem hafa nýtt sér sjóðinn, eftir þau og skapað störf. Stjórnin metur það þannig að það sé þörf fyrir lánsfé á þessum grunni.

Okkar áskorun síðustu ár eru tvær. Annarsvegar að framboð af fræðslu og hröðlum hefur vaxið gríðarlega um allt land og þar af er stuðningsnet frumkvöðla orðið stærra. Sjóðurinn hefur ekki náð á fylgja þessu eftir en á sama tíma felast í þessu tækifæri fyrir sjóðinn. Í samtölum okkar við stuðningskerfið og lánþega hefur komið fram að samstarf við þessa aðila væri einn lykillinn að aukinni kynningu og þar með aukinni ásókn í lán hjá sjóðnum. Í öðru lagi hefur gætt misskilnings á Styrkjum til atvinnumála annarsvegar og lánnum hins vegar þar sem sama heimasíða hýsir bæði verkefni.

Þetta má leysa með því að setja upp sér heimasíðu fyrir Svanna með litlum tilkostnaði og þannig aðgreina verkefni.

Stjórn sjóðsins leggur því til að starfstímabil sjóðsins verði framlengt um fjögur ár til viðbótar.

Stjórn leggur til að hámarksupphæð lána verði 15. m.kr.

Stjórn leggur til að eigendur leggi til aukafjármagn í sjóðinn að uppæð 150-250 mkr, í áföngum næstu 3 árin.

Stjórnin leggur einnig til að efla kynningarmál og samstarf við stuðningskerfi frumkvöðla.

Um Svanna-lánatryggingasjóð kvenna

Þann 8. mars 2011 var undirritað samkomulag um Lánatryggingasjóð en sjóðurinn er í eigu félagsmálaráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn hefur verið starfræktur í þrjú starfstímabil og rann það síðasta út í júní 2024.

Vinnumálastofnun annast umsýslu verkefnisins samkvæmt samningi þar um og er skrifstofa sjóðsins hjá Vinnumálastofnun, Grensásvegi 9.

Stjórn Svanna-lánatryggingasjóðs

Stjórn lánatryggingasjóðs kvenna er í höndum þriggja manna stjórnar sem skipuð er til þriggja ára í seinn. Hlutverk stjórnar er að móta lánareglur sjóðsins í samráði við stofnaðila. Stjórn sjóðsins skipa nú þau Guðrún Tinna Ólafsdóttir formaður og fulltrúi félagsmálaráðuneytis, Elvar Jónsson, fulltrúi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Dóra Björt Guðjónsdóttir, fulltrúi Reykjavíkurborgar.

Markmið og hlutverk

Hlutverk sjóðsins er að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánnum til verkefna innan fyrirtækja.

Áherslur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Að styðja við bakið á konum sem eiga og reka smærri fyrirtæki.
- Að stuðla að því að auka hlut kvenna sem eigendur og stjórnendur fyrirtækja.
- Að auka aðgengi kvenna að fjármagni til fyrirtækjareksturs.
- Að fjölga störfum og stuðla að nýnæmi í atvinnulífi.
- Að veita ráðgjöf til umsækjenda um ábyrgð sjóðsins á láni.
- Að hvetja jaðarhópa kvenna til þátttöku í atvinnulífinu, svo sem innflytjendur.

Reglur sjóðsins

Eingöngu fyrirtæki í meirihlutaeigu konu/kvenna geta fengið ábyrgðartryggingu/lán. Gerð er krafa um að í verkefniinu felist atvinnusköpun. Kostur er efjafnframt á sér stað nýsköpun þó það sé ekki forsenda fyrir láni.

Hægt er að sækja um lánatryggingu vegna eftirtalinna þátta:

- Markaðskostnaðar
- Vöruþróunar
- Nýrra leiða í framleiðslu eða framsetningu vöru/þjónustu.

Unnt er að sækja um ábyrgð og lán fyrir verkefnum innan fyrirtækja sem byggjast að einhverju leiti á nýsköpun, þar sem fyrirtækið og/eða verkefnið leiðir til atvinnusköpunar og verðmætaaukningar. Mat er lagt á viðskiptaáætlun fyrirtækisins og/eða þess afmarkaða verkefnis innan fyrirtækis sem ábyrgð á láni er sótt um og er grundvöllur umsóknar.

Ekki er veitt ábyrgð á láni fyrir óhóflegum launakostnaði né launakostnaði eigenda sbr. við vöruþróun, sölu - og markaðsstarf. Að jafnaði er ekki veitt ábyrgð á láni fyrir reglubundnum rekstrarkostnaði. Til greina kemur að veita lán fyrir tækjum sem eru nauðsynleg rekstrinum og/eða verkefninu en þá með veði í umræddum tækjum. Lánað er fyrir kostnaðarverði tækjanna að því gefnu að notkun á þeim leiði til atvinnusköpunar og verðmætaaukningar.

Ábyrgð skal ekki vera undir 1.500.000 króna og að jafnaði skal ábyrgð ekki fara yfir 5 milljónir króna (10 m.kr.lán). Stjórn Lánatryggingasjóðs kvenna er þó heimilt að afgreiða hærri ábyrgðir í undantekningartilvikum með hliðsjón af eðli og tegund umsókna.

Lánatrygging

Sjóðurinn er lánatryggingasjóður sem þýðir að lán sem tekin eru hjá sjóðnum eru tryggð með ábyrgð. Sjóðurinn tekur ábyrgð á helmingi lánsfjárhæðar á móti bankanum. Þannig þurfa lántakar ekki að leggja fram veð fyrir láni sem tekið er.

Samstarf við Landsbankann

Svanni Lánatryggingasjóður kvenna er í samstarfi við Landsbankann um veitingu lána. Í samningi við bankann er kveðið á um tilgang samstarfsins sem er að veita konum í atvinnurekstri lán ásamt því að bankinn tekur helming ábyrgðar á móti sjóðnum.

Í samkomulaginu er kveðið á um vinnulag varðandi umsóknir og úrvinnslu þeirra, mat bankans, tegundir lána, ábyrgð sjóðs og banka, breytingar á stöðu lántaka og skuldbreytingar.

Lánareglur sjóðsins eru einnig samþykktar af stjórn og banka en þær kveða nánar um skilyrði ábyrgðar, meðferð og mat umsókna, afgreiðslu þeirra, framkvæmd ábyrgða, ráðgjöf, lengd ábyrgðar og aðgerðir vegna vanskila.

Landsbankinn tekur þátt í markaðskostnaði sjóðsins, greiðir helming af birtingarkostnaði auglýsinga og tekur þátt í kynningarstarfi með því að kynna sjóðinn á heimasíðu sinni og hefur bækling sjóðsins frammi í útibúum sínum.

Stjórn og banki funda reglulega um umsóknir og náð samstarf er milli starfsmanns sjóðsins og starfsmanna bankans. Í samningi er kveðið á um árlegan samráðsfunds stjórnar og Landsbanka þar sem farið er yfir stöðu lána og fleira sem viðkemur verkefninu.

Umsóknarferlið

Sótt er um lánatryggingu rafrænt á heimasíðu verkefnisins www.atvinnumalkvenna.is. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um fyrirtækið og forsvarskonur þess, greinargóð lýsing á verkefni/fyrirtæki, markmiðum þess og ávinningi, hverjir koma að umsókninni, samstarfsaðilar, viðskiptaáætlun, lýsing á heildarfjármögnun og staðfesting fjármögnunaraðila ef þeir eru til staðar og áætlun um tekjustreymi.

Starfsmaður fer yfir umsóknir og kannar hvort öllum skilyrðum sé fullnægt. Síðan metur stjórnin þær með tilliti til fimm þátta: atvinnusköpunar og framþróunar, lýsingar á viðskiptahugmynd, og viðskiptaáætlunar sem fylgir með umsókn og fjárhags- og endurgreiðsluáætlunar. Ennfremur er nýnæmi skoðað þó það sé ekki forsenda fyrir lánveitingu.

Umsóknir sem samþykktar eru af stjórn eru sendar til nánari skoðunar til banka sem rýnir í fjárhags- og rekstaráætlanir. Þá er haldinn sameiginlegur fundur stjórnar og banka og komist að sameiginlegri niðurstöðu varðandi þær umsóknir sem til greina koma. Allir umsækjendur sem koma til greina eru boðaðir í viðtal með stjórn og fulltrúum bankans þar sem færi gefst á að spyrja nánar út í verkefnið eða þar sem kallað er eftir nánari upplýsingum. Þá taka stjórn og banki sameiginlega ákvörðun um veitingu lána og lánatrygginga og að lokum eru umsóknir sendar til lánanefndar bankans til lokaafgreiðslu.

Fjöldi umsókna

Alls hafa borist 182 umsóknir frá byrjun starfsemi sjóðsins árið 2011 og eru afgreidd og samþykkt lán 34 talsins. Þess má geta að fyrstu ár starfseminnar gátu einstaklingar og fyrirtæki sótt um lán hjá sjóðnum en seinna var þessum reglum breytt. 6 einstaklingar fengu samþykkt lán á fyrstu árum starfseminnar en nú geta eingöngu fyrirtæki í rekstri sótt um lán.

23 fyrirtæki sem fengu lán eru enn í rekstri, sjá lista hér að neðan.

Úthlutanir

Samkvæmt ákvörðun stjórnar eru tvær úthlutanir lánatrygginga á ári, að vori og að hausti en hægt er að senda inn umsóknir árið um kring.

Hér má sjá lista yfir allar úthlutanir á starfstíma sjóðsins frá 2011-2018 ásamt stöðu fyrirtækis.

Fyrirtæki	Kennitala	Staður	Upphæð láns	Staða
Úthlutun 2011				
Hálendisferðir - Wanderlust	600606-1740	101 Reykjavík	5.255.704	Í rekstri
Katrín Sylvía Símonardóttir - Kasy	310373-5919	201 Kópavogur	4.514.263	Gjaldþrota
Margrét Bóasdóttir	281152-2549	200 Kópavogur	1.505.232	Vantar upplýsingar
Puzzled by Iceland	590810-2320	220 Hafnarfjörður	2.005.886	Í rekstri
Tulipop ehf.	620110-0860	101 Reykjavík	4.011.772	Í rekstri
		Alls:	17.292.857	
Úthlutun 2012				
Nordic Dynamic	580711-0810	109 Reykjavík	1.509.285	Í rekstri
Svanhildur Sigurðardóttir (Sjávarsmiðjan)	71253-5629	380 Reykhólar	1.000.000	Gjaldþrota
Vík Þrjónsdóttir	470311-0290	101 Reykjavík	2.006.572	Í rekstri
Volcano Iceland ehf.	670509-0950	203 Kópavogur	2.508.215	Gjaldþrota
Volcano Iceland ehf.	670509-0950	203 Kópavogur	1.238.272	Gjaldþrota
		Alls:	8.262.344	
Úthlutun 2013				
Elín Una Jónsdóttir - Fjallkonan	180775-4209	800 Selfoss	1.475.000	Gjaldþrota
Margrét Helga Skúladóttir / Guðrún	200972-5709	220 Hafnarfirði	4.200.000	Vantar upplýsingar

Eysteinsdóttir - Textílprentun Íslands				
Rakel Sölvadóttir - Skema	220975-5849	210 Garðabæ	10.000.000	Vantar upplýsingar
Kanína	521011-2030	530 Hvammstangi	8.000.000	Fyrirtækjakennitala virk, en ekki í rekstri
		Alls:	23.675.000	
Úthlutun 2014				
Grænt ehf.	680114-1530	203 Kópavogur	7.000.000	Í rekstri
Sigurást ehf	540411-0500	170 Seltjarnarnes	4.000.000	Í rekstri
Tulipop	620110-0860	101 Reykjavík	10.000.000	Í rekstri
		Alls:	21.000.000	

Úthlutun 2015				
Björkin	471009-1050	108 Reykjavík	4.000.000	Í rekstri
Geosilica	581012-0120	262 Reykjanesbæ	10.000.000	Í rekstri
		Alls	14.000.000	
Úthlutun 2017				
Verandi	650117-0770	101 Reykjavík	3.500.000	Í rekstri
Florealis	430613-0650	101 Reykjavík	10.000.000	Í rekstri
		Alls	13.500.000	
Úthlutun 2018				
Taramar	560810-0240	112 Reykjavík	10.000.000	Í rekstri
Fitsuccess	711011-1020	221 Hafnarfjörður	10.000.000	Í rekstri
		Alls	20.000.000	

Úthlutun 2021				
Eylíf vöruþórun – Icecare	641018-0580	110 Reykjavík	8.000.000	Í rekstri
Justikal	600617-1410	201 Kópavogur	10.000.000	Í rekstri
Fólk	480208-1450	107 Reykjavík	10.000.000	Í rekstri
Fæðingarheimili Reykjavíkur			10.000.000	Í rekstri
Samtals			38.000.000	
Úthlutun 2022				
Stúdíó 23 - Býtibúr	660521-0540	710 Seyðisfjörður	5.000.000	Í rekstri
Höfuðstöðin - Artafl	430321-0800	110 Reykjavík	10.000.000	Í rekstri
Úthlutun 2023				

Pikkoló	441220-0810	107 Reykjavík	10.000.000	Í rekstri
Frostþurrkun ehf	441220-0810	107 Reykjavík	5.000.000	Í rekstri
		Alls	30.000.000	
Úthlutun 2024				
Animalia			Lán ekki frágengið	Í rekstri
Sælkerasveppir /Svepparíkið	65042-2030		7.000.000	Í rekstri
Alls			7.000.000	
Alls lán			192,730,201	
Framreiknuð upphæð			244.187.344	

Kennimerki

FÆÐINGARHEIMILI
REYKJAVÍKUR





Kynningarmál

Sjóðurinn heldur úti heimasíðu www.atvinnumalkvenna.is þar sem sótt er um lánatryggingar en þar má finna nánari upplýsingar um reglur sjóðsins. Einnig heldur hann úti Facebook síðu <https://www.facebook.com/atvinnumalkvenna/> þar sem komið er á framfæri upplýsingum um sjóðinn.

Úthlutanir Svanna eru auglýstar á samfélagsmiðlum (Facebook og Instagram) en enn fremur eru fréttatilkynningar sendar út á póstlista og sem og fréttir um umsóknarfrest eru á heimasíðu sjóðsins.

Sjóðurinn er vel kynntur hjá atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni sem fá tilkynningar um úthlutanir með reglubundnum hætti.

Starfsmaður sjóðsins kynnir sjóðinn á úthlutun styrkja og einnig á þeim viðburðum sem haldnir eru hjá Vinnumálastofnun. Þannig er fjallað um sjóðinn í ársskýrslu Vinnumálastofnunar, í hraðlinum Frumkvæði og

Landsbankinn kynnir möguleikana á heimasíðu sinni og hefur tekið þátt í kynningarfundum á möguleikum sjóðsins. Þá fer kynning fram á t.d. fyrirlestrum og í bæklingum sem bankinn gefur út. Að auki er bent á

möguleika Svanna í viðtölum við frumkvöðla hjá nýsköpunarþjónustu og fyrirtækjasérfræðingum í útibúum þegar við á.

Endurskoðun verkefnis

Stjórn Svanna - lánatryggingasjóðs kvenna hefur á undanförmum mánuðum unnið stefnumótunarvinnu vegna endurskoðunar á starfsemi sjóðsins. Í því skyni var gerð könnun og greining á stöðu sjóðsins og lántakenda í samvinnu við bankann, gerð var greining á stuðningi og lánamöguleikum kvenna ásamt því að rætt var við nokkra aðila í stuðningsumhverfi frumkvöðla.

Staða sjóðsins og lántaka

16 lán hafa verið greidd upp hjá sjóðnum, alls að upphæð kr. 77.240.000. Virk lán hjá sjóðnum þann 31.12.2024 eru 7 talsins að upphæð kr.32.822. með vöxtum og verðbótum. Endurgreiðslur á virkum lánum eru sem hér segir (miðað er við greiðslur af höfuðstóli án vaxta og verðbóta) :

Höfuðstólsgreiðslur eru eftirfarandi:

2019	9.393.411
2020	7.991.284
2021	6.299.728
2022	4.700.004
2023	1.391.668
2024	7.000.000
Samtals	36,776,095

Almennt má segja að lántakar hafi staðið í skilum en þó hafa nokkur mál farið í vanskil þar sem verkefni hafa ekki gengið upp. Þessi vanskil hafa endað með því að gengið hefur á lánatryggingar sjóðsins og bankans og hefur sjóðurinn greitt lánatryggingar 9 lána, alls 17.362.344 kr. á tímabili samstarfsins og bankinn sömu upphæð.

Í vanskilum eru 2 lán og var staða vanskila þann 31. desember 2024 alls 1.578.000 kr. Heildarstaða lána sama dag er 30.820.000 kr. og er vanskilahlutfall m.v. þessa stöðu tæplega 5,1%.

Afskrifaðar kröfur sjóðsins er 9 % af heildarfjárhæð sem lánuð hefur verið en heildarfjárhæð lána er 192.730.201..

Stofnfé sjóðsins nam 70.262.000 króna og er staðan á sjóðnum þann 31.12.2024 kr 68.805.457. Þess ber að geta að eigendur greiddu aukaframlag í sjóðinn þann 13.06.2022 að upphæð 15.000.000. Einnig greiðir sjóðurinn greiðir umsýslugjald til Vinnumálastofnunar samkvæmt samningi, auk kostnaðar vegna markaðssetningar og annars útlagðs kostnaðar.

Ef miðað er við að sjóðurinn þurfi að afskrifa helming útistandandi krafna ($32.822.321/2=16.411.160$ kr.) er hægt að tryggja lán að upphæð 52.394.297 ($68.805.457-16.411.160=52.394.297$).

Rýnihópavinna – ráðgjafar í stuðningsumhverfi frumkvöðla

Í endurskoðunarferlinu var ákveðið að heyra í sérfræðingum í stuðningskerfinu til að spyrja þarfir frumkvöðlakvenna fyrir fjármagn.

Rætt var við fjóra aðila sem hafa góða innsýn inn í stuðningskerfið. Þetta voru þær Sesselja Barðdal, framkvæmdastjóri Drift EA, Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Klak-Icelandic startups, Sigríður

Kristjánasdóttir framkvæmdastjóri Vestfjarðarstofu og Sveinbjörg Pétursdóttir atvinnuráðgjafi hjá Atvinnuþróun SSNV á Norðurlandi vestra.

Spurt var um þarfir frumkvöðlakenna varðandi fjármagn, hvort að konur væru að leita til þeirra varðandi lán eða fjármagn, hvort það væri þekking til staðar varðandi sjóðinn, hvemig best væri að kynna þessa möguleika fyrir þeim og hvemig samstarfi gæti verið háttáð.

Viðmælendur voru sammála um að konur eiga oft erfitt með að fjármagna sín verkefni og þá sérstaklega eftir að styrkir hafa fengist.

Fleiri eru að skoða styrkmöguleika en lán, en þessir aðilar eru oft að sinna frumkvöðlum sem eru að stíga sín fyrstu skref, ekki búin að stofna fyrirtæki og eru því ekki enn með veltu.

Mikil breyting hefur orðið á aðgengi fjármagns, til dæmis er búið að stofna englafjárfestingafélag á Íslandi sem er sambærilegt við önnur á Norðurlöndum. Það er þó ekki endilega miðað að þörfum frumkvöðlakenna.

Viðmælendur voru sammála um að þörf væri á sjóð sem þessum en það þyrfti að kynna hann betur fyrir stuðningskerfinu sem gæti síðan komið upplýsingum áfram til kvenna.

Einnig var rætt um upphæðir, en það er skoðun sumra að upphæðir lána séu of lágar (10 m.kr.hámark) og það þyrfti að endurskoða það enda hafa upphæðir ekki hækkað hjá sjóðnum síðustu ár.

Tækifæri til kynningar á Svanna væri aðallega í gegnum hraðla og viðburði fyrir frumkvöðla og því væri mikilvægt að efla samstarf milli sjóðsins og þeirra sem eru í stuðningskerfinu. Það myndi bætast við almenna markaðssetningu sem myndi beinast að frumkvöðlunum sjálfum.

Könnun hjá lánþegum

Árið 2018 var þjónustukönnun send til þeirra fyrirtækja sem fengu afgreidda lánatryggingu frá árinu 2014. Svarhlutfall var frekar lágt, eða 30% en 6 svör bárust.

Upplýsingar á heimasíðu og umsóknarform

Upplýsingar á heimasíðu þóttu skýrar, umsóknarform skýrt og umsóknarferlið nægilega langt.

Helmingur svarenda fékk ráðgjöf við gerð umsókna en helmingi fannst ekki þörf á ráðgjöf.

67% fannst ekki þörf á ráðgjöf við gerð umsókna né eftirfylgni eftir að lán fékkst. Hér má leiða líkum að því að forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem svöruðu séu komin með nokkra reynslu af fyrirtækjarekstri og telja því ekki þörf á ráðgjöf.

Fyrirtækið, staða þess og þörf á fjármagni

Helmingur fyrirtækja sem fékk lán náðu þeim markmiðum sem sett voru í umsókn og taldi meirihlutinn lánið hafa vera forsenda fyrir því að markmið náðust. Einnig taldi meirihlutinn að fyrirtækið hefði ekki getað fengið fyrirgreiðslu annarsstaðar.

Könnunin leiddi einnig í ljós að velta jókst hjá 83% svarenda eftir og starfsmannafjöldi jókst hjá 67% svarenda, hjá flestum jókst hann um 1-2 störf.

Meirihluti svarenda, eða 66,67% taldi ekki vera þörf á lánsfjármagni á næstunni en 33,33% töldu svo vera. 67% af þeim fyrirtækjum sem þurfa fjármagn, þurfa 9 til 10 milljónir eða meira.

Þegar spurt var hvers vegna fjármagn frá Svanna væri mikilvægt, sögðu 67% svarenda að lán án veðs fengist ekki en einn svarenda var að biðja eftir svari frá Tækniþróunarsjóði um styrk.

Er spurt var til hvaða þátta fjármagn þyrfti nefndu allir svarendur vöruþróun og markaðssetningu.

Er þörf á lánatryggingasjóði?

83,33% töldu þörf vera á starfsemi sjóðsins en 16,67% vissi það ekki. Þeir sem svöruðu spurningunni játandi nefndu eftirfarandi atriði til útskýringar:

- ☐ Til að styðja við konur í atvinnurekstri.
- ☐ Það er erfiðara fyrir konur að fjármagna rekstur
- ☐ Konur eru ólíklegri til að skuldsetja sig til að stofna fyrirtæki
- ☐ Konur eru almennt "samviskusamari" þegar kemur að fjármagni og vilja eiga fyrir því sem þær ætla að framkvæma

Ábendingar

Ýmsar gagnlegar ábendingar bárust frá svarendum. Meðal annars var rætt um að gott væri að hafa hafa svipaða möguleika fyrir hærri fjárhæðir fyrir fyrirtæki sem eru komin lengra í uppbyggingunni. Í öðru svari kom fram að lánið hjálpaði viðkomandi fyrirtæki mikið við að koma vöru á framfæri, og að bankar hefðu ekki verið tilbúnir að lána í verkefnið. Flestir svarendur telja að Svanni sé mikilvægur kostur fyrir frumkvöðlakonur.

Niðurstaða

Ef rýnt er í könnunina kemur berlega í ljós að lán og lánatrygging frá Svanna hefur skipt máli fyrir fyrirtækin, velta hefur aukist og einnig starfsmannafjöldi. Meirihlutinn taldi lánið hafa vera forsenda fyrir því að markmið náðust og að fyrirtækið hefði ekki getað fengið fyrirgreiðslu annarsstaðar. Lántakar virðast ekki hafa þörf fyrir ráðgjöf né handleiðslu en það sama er ekki hægt að segja um þá sem ekki fengu lán. Taka ber samt niðurstöðum með varúð þar sem svarhlutfall var mjög lágt í könnun til umsækjenda.

Netkönnun til umsækjenda

Árið 2018 var einnig send könnun á 136 umsækjendur og bárust 14 svör eða um 9,5%. Þess ber að geta að mörg netfanganna eru ekki virk og því má leiða getum að því að þau fyrirtæki eða verkefni séu ekki starfandi eða að búið sé að breyta netfangi.

Upplýsingar á heimasíðu, umsóknarform og ráðgjöf

92% töldu að upplýsingar á heimasíðunni að þær væru mjög skýrar eða skýrar og fannst flestum að umsóknin væri einföld og að umsóknarferlið væri matulega langt.

29% höfðu sótt sér ráðgjöf um gerð umsóknarinnar og þær sem sóttu sér ráðgjöf fengu hana hjá starfsmanni Svanna, NMÍ og RML. 35,7% töldu sig þurfa á frekari ráðgjöf við gerð umsóknar, 50% ekki, og 14,3% vissu það ekki.

50% töldu að þeir þyrftu meiri eftirfylgni, ábendingar og ráðgjöf og 35,7% töldu það ekki. Af þessu má sjá að ráðgjöf og eftirfylgni skiptir máli fyrir þá sem hafa sótt um en ekki fengið.

Það sem nefnt var að mætti úr bæta, var til dæmis ráðgjöf um hvað væri verið að leitast eftir í umsókninni og hvað væri best að leggja áherslu á. Nefnt var að það væri gott að fá aðstoð við útfyllingu, greinargóð svör, eftirfylgni við að styrkja umsóknina og persónulega ráðgjöf.

Fyrirtækið í dag, staða þess og þörf á fjármagni

Meirihluti fyrirtækjanna fékk fjármögnun þrátt fyrir neitun Svanna, eða 64,3%. Spurt var um hvar fjármagnið fékkst og fengu 20% svarenda fyrirgreiðslu hjá banka, 30% fengu styrki, 10% fékk hluthafa og 40% nefndu annað s.s. eigið framlag, lán hjá banka eða hjá Byggðastofnun, en stofnunin býður upp á svipuð lán og Svanni (sjá kafla um sértækan stuðning fyrir frumkvöðlakonur).

Meirihluti fyrirtækja náði markmiðum sínum þrátt fyrir höfnun Svanna og eru 93% fyrirtækjanna enn starfandi. Hér verður að geta þess að svarhlutfallið var mjög lágt og því erfitt að alhæfa út frá þessum niðurstöðum.

93% svarenda taldi fyrirtækið þurfa lánsfjármagn á næstunni og voru upphæðir frá 1 milljón króna til yfir 10 milljóna króna nefndar.

Í könnuninni var spurt hversvegna lán frá Svanna þyrfti inn í fyrirtækið. 23% svöruðu því til að þær vildu ekki hluthafa inn í fyrirtækið, 38,5% fá ekki lán án veðs. Fjármagn vantar helst í vöruþróun, markaðssetningu, framleiðslu og vegna stofnkostnaðar.

Er þörf á lánatryggingasjóði? 93% af þeim sem svöruðu töldu þörf á sjóðnum. Ástæður sem nefndar voru:

- ☐ Konur hafa minna aðgengi að fjármagni
- ☐ Karlar eru oft þeir sem ráða för í banka- og styrkjakerfinu
- ☐ Konur eru oft með annarskonar verkefni og óhefðbundnari sem erfitt er að fá fjármagn til
- ☐ Lélegt tengslanet hamlar oft konum.

Ábendingar

Ýmsar ábendingar bárust í lokin. Þar var nefnt að gott væri að geta fengið lánatryggingu í gegnum

viðskiptabanka. Sumar töldu að það skorti lánsfé fyrir hærri upphæð en 10 mkr, og að umsækjendur gætu fengið tækifæri til að kynna verkefni sín í umsóknarferlinu. Sumir töldu að lánskjörin væru ekki nægilega góð hjá bankanum.

Niðurstaða

Erfitt er að alhæfa út frá niðurstöðum könnunarinnar þar sem svarhlutfall var mjög lágt. Það sem helst má sjá er að þörf virðist vera á frekari ráðgjöf til umsækjenda á stigum umsóknarferlis og þá sérstaklega hvað varðar áætlanagerð. Athygli vekur að flest fyrirtækin gátu fjármagnað verkefni sín og er ljóst að lánamöguleikar Byggðastofnunar skipta máli hér en stofnunin býður upp á svipuð lán og Svanni gerir.

Stuðningsumhverfið – sértækur stuðningur fyrir frumkvöðlakonur

Lán og styrkir

Byggðastofnun

Byggðastofnun býður upp á lán í lánaflokknum „Lán til stuðnings fyrirtækjarekstri kvenna“ á landsbyggðunum.

Lánin hafa verið í boði frá því í árslok 2014 en þá var samþykkt að setja 200 m.kr. í þann lánaflokk og var svo ákveðið að tvöfalda þá upphæð í byrjun árs 2017 þar sem ásóknin var það mikil. Í dag er ekki sérstakt fjármagn eymamerkt þessum lánaflokk heldur er hann bara hluti af heildar útlánastarfsemi stofnunarinnar. Lánaflokkurinn var upphaflega tilraun til að efla þátttöku kvenna að stofnun og rekstri fyrirtækja þar sem fáar konur höfðu sótt um lán hjá stofnuninni. Algengast er að sótt er um 5 m.kr. lán sem er þá án trygginga þannig að þetta eru ansi mörg smærri lán. Samkvæmt greiningu frá árinu 2024 hefur stofnunin frá upphafi lánað um 460 m.kr. til 93 aðila. Þessi lán dreifast nokkuð jafnt yfir landið en mest hefur farið í atvinnugreinaflokkana ferðaþjónusta og verslun- og þjónusta. Verkefni eru margvísleg og er hægt að nefna t.d.:

- ☐ Líkamsræktarstöð
- ☐ Náttúruvænar snyrtivörur
- ☐ Saumastofa
- ☐ Framleiðsla á fæðubótarefni
- ☐ Þjónustofa
- ☐ Verslun
- ☐ Ísgerð
- ☐ Gestastofa
- ☐ Gistiheimili
- ☐ Konfektgerð og kaffihús
- ☐ Fataverslun
- ☐ Gróðurhús

Atvinnumál kvenna

Styrkir til atvinnumála kvenna eru veittir einu sinni á ári og hefur upphæðin verið 35 m.kr. síðustu ár. Styrkir eru veittir til vöruþróunar, markaðssetningar eða til gerðar viðskiptaáætlana. Hæsti styrkurinn er kr.4 m.kr. en helmingur af kostnaði er styrktur. Styrkhæf verkefni skulu vera í meirihlutaeigu kvenna (amk 51%) og stjórnað af konum.

Verkefnið skal fela í sér atvinnusköpun á Íslandi til frambúðar og um nýnæmi skal vera að ræða, annaðhvort nýja vöru/þjónustu eða þróun vöru/þjónustu.

Kröfur eru gerðar um að viðskiptahugmynd sé vel útfærð, markmið skýr og leiðir að þeim vel útfærðar.

Verkaætlun skal vera vel útfærð og raunhæf og kostnaðar og tekjuáætlun vönduð, skýr og trúverðug.

Mikilvægt er að allar upplýsingar komi fram í umsókn og ekki sé vísað í fylgiskjöl.

Kröfur eru um að verkefnið skekki ekki samkeppnisstöðu á þeim markaði sem varan eða þjónustan er á.

Að jafnaði hafa 25-30 verkefni hlotið styrk árlega til margvíslegra verkefna en sjá má allar upplýsingar á heimasíðu verkefnisins www.atvinnumalkvenna.is

Námskeið, hraðlar og fræðsla

AWE hraðallinn

Háskóli Íslands og Sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi standa fyrir hraðlinum AWW (Academy for Women Entrepreneurs) sem er sérstaklega ætlaður konum. Hraðallinn hófst 23. janúar 2025 og lýkur 30. apríl með útskrift. Bæði einstaklingar og lið geta tekið þátt í hraðlinum sér að kostnaðarlausu.

Hraðallinn er nú haldinn í fjórða sinn en markmið hans er að efla konur til að þróa áfram sínar viðskiptahugmyndir og efla tengslanetið. Frumkvöðlahraðallinn samanstendur af netnámskeiðinu Dreambuilder á vegum Thunderbird School of Management við Ríkisháskólann í Arizona og vinnulotum sem Háskóli Íslands í samvinnu við FKA heldur utan um. Þar njóta þátttakendur m.a. leiðsagnar reyndra kvenna í nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi við markaðsmál og samfélagsmiðla, stofnun fyrirtækja á Íslandi, sköpun tengslanets, styrkjasókn, hugverkamál og annað sem gott er að þekkja við stofnun og þróun fyrirtækis.

Atvinnumál kvenna – hraðall

Undanfarin tvö ár hefur Atvinnumál kvenna boðið þeim sem hafa fengið styrk til gerðar viðskiptaáætlunar að taka þátt í hraðli þar sem þær vinna með sína hugmynd og kynna hana svo fyrir dómnefnd. Verðlaun eru í boði fyrir bestu kynninguna og verkefnið og mun þessi hraðall verða í boði árið 2025.

Tengslanet

FKA er Félag kvenna í atvinnurekstri en þessi félagsskapur býður upp á ýmsa viðburði og tengslamyndunartækifæri fyrir konur.

www.fka.is

Ýmsir óformlegir hópar eru til staðar á samfélagsmiðlum þar sem konur geta verið í sambandi og eflt tengslin. Þess má geta að fjölmörg tækifæri eru einnig í alþjóðaumhverfi fyrir frumkvöðlakonur, bæði tengslanet og hraðlar.

Almennur stuðningur fyrir frumkvöðla

Upplýsingavefurinn www.skapa.is er góður vettvangur fyrir frumkvöðla en þar má finna margvíslegar upplýsingar fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref.

Hraðlar

Eftirfarandi hraðlar eru í boði fyrir fólk á ákveðnum svæðum eða í ákveðnum geirum. Í þessum hröðlum gefst frumkvöðlum tækifæri á því að vinna að kynningum fyrir sín verkefni, fá aðstoð við þróun þeirra og eru oft verðlaun í boði fyrir bestu hugmyndirnar.

- ☐ Austanátt – Austurland
- ☐ Frumkvæði – Vinnumálastofnun – fyrir atvinnulausa frumkvöðla
- ☐ Gulleggið
- ☐ Hringiða – sjálfbærni
- ☐ Klak
- ☐ Lausnamót Heilsutækniklasans
- ☐ Snjallræði
- ☐ Startup Stormur – Norðurland
- ☐ Startup Supernova

- ☐ Startup Tourism
- ☐ Startup Westfjords
- ☐ Verbúð Sjávarklasans
- ☐ Vesturbrú – Vesurland

Tillögur um áframhaldandi starfsemi Svanna-lánatryggingasjóðs kvenna

Í framhaldi af ofangreindum niðurstöðum leggur Stjórn Svanna-lánatryggingasjóðs kvenna til áframhald verkefnisins til næstu 4 ára með eftirfarandi breytingum.

Hækkun lána

Lagt er til að hækka hámarkslánsupphæðir í 15 m.kr.

Aukið fjármagn

Sjóðurinn er of lítill í dag til að geta haft stefnumarkandi áhrif og mun stærð hans hamla lánveitingar til öflugra fyrirtækja. Fjármagnið í sjóðinn hamlar því einnig að hægt sé að fara í öfluga markaðssetningu á honum. Lagt er til að eigendur setji aukið fjárframlag í sjóðinn að upphæð 150 m.kr. til 250 m.kr í áföngum næstu 3 árin. Það myndi gefa sjóðnum tækifæri á auknum sýnileika, samstarfi við enn fleiri fyrirtæki um allt land, auka enn frekar atvinnusköpun og vinna að stefnu ríkisstjórnarinnar um að auka atvinnusköpun og nýsköpun hjá konum um allt land. Við minnum á að sjaldnast kemur til eyðslu þessarar upphæðar en hún þarf að vera til staðar sem grundvallartrygging til að góðum umsóknum séu veitt lán.

Aukið samstarf

Nauðsynlegt að efla samstarf við þá stuðningsaðila sem sinna frumkvöðlakonum, og má þar nefna Atvinnuþróunarfélög, hraðla og aðra þá sem sinna hópnum. Við minnum á að sjaldnast kemur til eyðslu þessarar upphæðar en hún þarf að vera til staðar sem grundvallartrygging til að góðum umsóknum séu veitt lán.

Reykjavík 4.4..2025

Fyrir hönd stjórnar Svanna-lánatryggingasjóðs kvenna

Ásdís Guðmundsdóttir

Verkefnastjóri

Fylgiskjöl

1. Samþykktir Svanna-lánatryggingasjóðs
2. Samkomulag um Svanna-lánatryggingasjóð
3. Lánareglur Svanna-lánatryggingasjóðs
4. Samstarfssamingur við Landsbankann

SAMÞYKKT

um Lánatryggingasjóð kvenna.

1. gr.

Heiti sjóðsins

Heiti sjóðsins er Lánatryggingasjóður kvenna og er aðsetur hans hjá forsætisráðuneytinu, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík.

Í kynningar- og markaðsefni fyrir sjóðinn er heimilt að nota heitið Svanni-lánatryggingasjóður kvenna.

2. gr.

Hlutverk og áherslur

Hlutverk Lánatryggingasjóðs kvenna er að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánum samkvæmt samþykktum og lánareglum sjóðsins. Skilyrði fyrir ábyrgðarveitingum er að fyrirtæki eða verkefni sé a.m.k. 50% í eigu og undir stjórn konu eða kvenna og að verkefni leiði til atvinnusköpunar.

Áherslur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Að styðja við bakið á konum sem eiga og reka smærri fyrirtæki.
- Að stuðla að því að auka hlut kvenna sem eigendur og stjórnendur fyrirtækja.
- Að auka aðgengi kvenna að fjármagni til fyrirtækjareksturs.
- Að fjölga störfum og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi.
- Að veita ráðgjöf til umsækjenda um ábyrgð sjóðsins á láni.
- Að hvetja jaðarhópa kvenna til þátttöku í atvinnulífinu, svo sem innflytjendur.

3. gr.

Stofnendur og stofnfé

Félagsmálaráðuneytið, iðnaðarráðuneyti og Reykjavíkurborg stofnuðu Lánatryggingasjóð kvenna.

Stofnfé sjóðsins var samtals 10 milljónir króna miðað við verðlag neysluvísitölu á stofndegri þann 7. apríl 1997 samkvæmt eftirfarandi skiptingu: félagsmálaráðuneyti fimm milljónir króna; iðnaðarráðuneyti tvær milljónir króna og Reykjavíkurborg þrjár milljónir króna.

Stofnaðilar samkvæmt samþykktum þessum teljast forsætisráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Reykjavíkurborg.

4. gr.

Stjórn

Stjórn Lánatryggingasjóðs kvenna er í höndum þriggja manna stjórnar sem forsætisráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Forsætisráðherra skipar stjórnarformann og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Reykjavíkurborg tilnefna einn fulltrúa hvort.

Stjórn sjóðsins skal vera sjálfstæð í störfum sínum.

5. gr.

Hlutverk stjórnar

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfundar. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórn sjóðsins skal móta lánareglur sjóðsins og leggja undir samþykki stofnaðila. Stjórn sjóðsins skal útbúa matsblöð sem nota skal við mat á umsóknum.

Stjórnin ákveður sérstakar áherslur til ábyrgðarveitinga árlega en almenn áhersla skal lögð á aukna atvinnusköpun.

Stjórn sjóðsins gerir samkomulag við fjármálastofnanir um ábyrgðarveitingar. Í því skal meðal annars kveðið á um tegundir lána, lengd lána, vaxtakjör, lántökugjald og önnur gjöld og hlutdeildarskiptingu sjóðs

og banka varðandi ábyrgðir. Einnig skal kveðið á um fyrirkomulag við ráðgjöf og handleiðslu til umsækjenda og ábyrgðarþega eftir því sem við á.

Mat á umsóknum er á hendi stjórnar sjóðsins og lánastofnunar en stjórn sjóðsins fjallar að mati loknu um umsóknir og tekur endanlega ákvörðun um veitingu ábyrgða í samræmi við samþykktir og lánareglur sjóðsins. Ábyrgðarveitingum skal úthlutað allt að tvisvar sinnum á ári.

6. gr.

Umsýsla Lánatryggingasjóðs kvenna

Stjórn sjóðsins getur falið öðrum umsýslu verkefnisins sem og daglegan rekstur sjóðsins. Stjórnin getur falið umsýsluaðila að koma fram fyrir hönd hans í öllum málum er varða venjulegan rekstur. Umsýsluaðila ber að veita stjórnarmönnum allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins sem þeir kunna að óska eftir.

Stjórn getur falið umsýsluaðila að halda utan um heimasíðu verkefnisins þar sem fram koma upplýsingar um ábyrgðarveitingar og fyrirkomulag. Umsýsluaðili skal vinna í nánú samstarfi við stofnaðila verkefnisins og þær stofnanir sem sinna ráðgjöf og handleiðslu við umsækjendur og ábyrgðarþega. Fela má umsýsluaðila að útbúa kynningarefni og standa að markaðssetningu sjóðsins í samstarfi við fyrrgreinda aðila.

7. gr.

Fjármunir

Stjórn sjóðsins skal gera samkomulag við eina eða fleiri fjármálastofnanir um fyrirkomulag veitingar ábyrgðartryggingar þar sem kveðið er á um þóknun og annan umsýslukostnað.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að tryggja að varsla og ávöxtun fjármuna sjóðsins sé sem hagkvæmest og öruggust vegna þeirra ábyrgða sem samþykktar hafa verið.

8. gr.

Ábyrgð

Ábyrgð stofnaðila er bundin við stofnfé sjóðsins og viðbótarframlög þeirra. Óheimilt er að ákveða að heildarfjárhæð veittra ábyrgða sé hærri en staða sjóðsins er á hverjum tíma. Fjármunir sjóðsins við undirskrift samkomulags þessa eru 45.535.396 krónur. Framlög eins og þau eru í lok samningstímans skulu endurgreidd í hlutfalli við upphaflegt framlag stofnaðila.

9. gr.

Gildistími og önnur ákvæði

Samkomulag þetta gildir fyrir tímabilið 1. júní 2020 til 1. júní 2024. Fyrir 1. janúar 2024 skal tekin ákvörðun um framhald starfsemi Lánatryggingasjóðs kvenna.

Samþykktir þessar eru staðfestar af stofnaðilum Lánatryggingasjóðs kvenna. Stofnaðilum er heimilt að breyta eða fella úr gildi samþykktir þessar samkvæmt tillögu meirihluta stjórnar.

Reykjavík 28. maí 2020



f.h. forsætisráðuneytis



f.h. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis



f.h. Reykjavíkurborgar